

**Bréf menntamálaráðuneytisins til skólastjóra Gagnfræðaskóla Reykvíkinga, um að gagnfræðapróf í skólanum veiti sama rétt til að ganga undir stúdentspróf og gagnfræðapróf við menntaskóla o. fl.** 66  
27. apríl

Hér með er yður tjáð, herra skólastjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið, að gagnfræðapróf við Gagnfræðaskóla Reykvíkinga á þessu ári skuli veita sama rétt til að ganga undir stúdentspróf eins og gagnfræðapróf við menntaskóla, sbr. 35. gr. reglugerðar fyrir Menntaskólann í Reykjavík, nr. 3/1937. Jafnframt skal próf í bókfærslu og kristnum fræðum upp úr III. bekk skólans, og próf í dönsku og eðlisfræði upp úr IV. bekk hans, teljast fullgilt stúdentspróf í þeim greinum.

Samkvæmt þessu mun ráðuneytið skipa prófdómendur við þau próf, er að framan greinir, og verða þeir hinir sömu og við Menntaskólann í Reykjavík. Þeir skulu gæta þess, að prófin verði í alla staði sambærileg við hliðstæð próf í Menntaskólanum, enda verkefni í ólesnum námsgreinum hin sömu við báða skólana.

## H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Reyðarfjarðarkauptún.

67

19. febr.

### I. Takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Reyðarfjarðarhöfn tekur yfir Reyðarfjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Hagahorni norðan fjarðarins í Hlein sunnan fjarðarins.

### II. Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra, og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu.

Hafnarnefnd Reyðarfjarðar skipa þrír menn. Er hreppstjóri Reyðarfjarðarhrepps formaður nefndarinnar, og hefur hann á hendi innheimtu hafnargjaldanna og reikningsskil fyrir hafnarsjóð. Hina tvo nefndarmenn kýs hreppsnefnd til fjögurra ára í senn og skal annar þeirra ávallt vera í hreppsnefndinni. Kosning í hafnarnefnd skal jafnan fylgja hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd skal sjá um að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórna hafnarsjóðnum með eftirliti hreppsnefndar.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ber ábyrgð á sjóðnum, sem öðrum eignum hreppsins.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Handbært fé sjóðsins skal ávallt ávaxta í Landsbankanum eða annarri jafntryggri lánsstofnun.